

CSR beiðni (Certificate Signing Request) útbúin

Þessar leiðbeiningar eru fyrir Windows umhverfið.

Fomáli:

Rafræn skilríki eru samsett af einkalykli (privat key) og dreifilykli (public key).

Einkalyklinum ætti aldrei að deila með öðrum, en dreifilyklinum má alveg dreifa til annarra.

Sumir bankar biðja um að fá hann sendan og það er sjálfsagt að gera það.

Þegar CSR er útbúið verður einkalykill í leiðinni til á þeirri tölvu sem notuð er.

Hann verður til í skilríkjageymslu tölvunnar í möppu sem heitir Certificate Enrollment Requests/Certificates.

Byrjað er á því að fylla út umsóknarform á vefsíðu Auðkennis.

CSR'íð er svo afritað inn í umsóknarformið í skrefi tvö á vefsíðu Auðkennis.

Auðkenni gefur svo út dreifilykilinn og sendir hann á tæknilegan tengilið sem tilgreindur er í umsóknarforminu. Tæknilegur tengiliður setur svo upp dreifilykilinn á sömu tölvu og CSR var útbúið.

Dreifilykillinn finnur einkalykilinn og til verður fullbúið skilríki sem inniheldur báða lykllana.

Svona er CSR beiðni útbúin:

Þú ferð á umsóknarform fyrir þau skilríki sem þú vilt sækja um (Búnaðarskilríki, Innsigli o.s.fr.)

audkenni.is/umsoknir/

Fylla þarf inn upplýsingar um Fyrirtæki, lögbæran fulltrúa (prókúruhafa eða einhvern með umboð frá slíkum) og tæknilegan tengilið.

Velja þarf nafn skilríkjanna (Common Name).

Þetta nafn birtist í skilríkjageymslu tölvunnar og því gott að velja eitthvað sem auðveldar þeim sem sér um skilríkin að finna þau. Að lokum þarf að velja gildistíma skilríkjanna, 1 til 4 ár.

Ef þörf er á athugasemdum er hægt að setja þær inn í athugasemdarsvæðið en það er ekki nauðsyn.

Þá er smellt á ÁFRAM til að fara í skref 2 sem er að búa til CSR og setja það inn í umsóknarformið.

Í umsóknarformið er nú komin CSR skrifta. Afrita þarf hana.

Ein leið er að smella inn í svæðið, ýta á ctrl+a til að velja allan textann í svæðinu og svo ctrl+c til að afrita hann.

Næst þarf að opna Command Promt gluggann.

Ein leið til að opna hann er að ýta á Windows takkann (vinstra megin við bil slánna), skrifa cmd og ýta á enter.

Til að afrita textann (CSR skriftuna) í gluggann er best að ýta á ctrl+v

Um leið og það er gert fer keyrsla í gang, CSR beiðni er útbúin út frá skriftunni.

CSR beiðnin birtist í Command Promt glugganum og hægt er að afrita hana þar.

```
-----BEGIN NEW CERTIFICATE REQUEST-----
```

```
MIIDpjCCAo4CAQAw.... (hellingur af texta í viðbót)
```

```
-----END NEW CERTIFICATE REQUEST-----
```

Einnig verður til mappa á C: drifinu sem heitir csr og í henni er skrá sem heitir (kennitalafyrirtækis).csr

Þessi skrá inniheldur sömu CSR beiðni og birtist í Command Promt glugganum og hægt að afrita hana þarna líka.

Næst skal líma CSR beiðnina inn í CSR reitinn í umsóknarforminu og smella svo á ÁFRAM hnappinn.

Þá er birt yfirlit yfir upplýsingarnar í umsókninni. Ef allt er í lagi skal smella á SENDA UMSÓKN hnappinn og umsóknin er þá send til Auðkennis.

Tölvupóstar til staðfestingar eru sendir á netföng lögbæra fulltrúans og tæknilega tengiliðarins.

Þessir tölvupóstar innihalda staðfestingarhlekki sem þeir verða báðir að smella á til að staðfesta netföng sín. Auk þess þarf lögbær fulltrúi að skrifa rafrænt undir umsóknarskjal en beiðni um það er send á netfangið hans.

Skráningafulltrúar Auðkennis fara svo yfir öll umsóknargögnin, staðfesta að lögbær fulltrúi sé með prókúru eða umboð frá slíkum. Ef allt stenst skoðun eru skilríkin gefin út og svo send á tæknilegan tengilið.